

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
24.06.20	17:00	H-105	2
Fundarboðandi	Fundarritari	Dags. rituð	
Isabel Alejandra Diaz	Mikael Berg Steingrímsson	24.06.20	
Fundaraðilar mættir			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
<i>Arnaldur Starri Stefánsson fyrir Röskvu</i>			
<i>Lenya Rún Taha Karim fyrir Vöku</i>			
<i>Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Vífill Harðarson fyrir Röskvu</i>			
<u>Heilbrigðisvísindasvið:</u>			
<i>Brynhildur K Ásgeirsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Salóme Sirapat Friðriksdóttir fyrir Röskvu</i>			
<u>Hugvísindasvið:</u>			
<i>Katla Ársælsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Ingibjörg Iða Auðunardóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Erlingur Sigvaldason fyrir Röskvu</i>			
<u>Menntavísindasvið:</u>			
<i>Magdalena Katrín Sveindóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Eva Baldursdóttir fyrir Gabríelu Sól Magnúsdóttur fyrir Röskvu</i>			
<i>Sóley Arna Friðriksdóttir fyrir Vöku</i>			
<u>Verkfræði- og náttúruvísindasvið:</u>			
<i>Herdís Hanna Yngvadóttir fyrir Röskvu</i>			
<i>Ástráður Stefánsson fyrir Röskvu</i>			
<i>Urður Einarsdóttir fyrir Röskvu</i>			
<u>Aðrir (án atkvæðisréttar):</u>			
<i>Mikael Berg Steingrímsson, hagsmunafulltrúi SHÍ</i>			
<i>Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir, varaforseti SHÍ</i>			
<i>Emily Reise, alþjóðafulltrúi SHÍ</i>			
<i>Isabel Alejandra Díaz, forseti SHÍ</i>			
<i>Gréta Dögg Þórisdóttir</i>			
Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:			
<u>Félagsvísindasvið:</u>			
<i>Hólmfríður M. Böðvarsd. Howard fyrir Vöku</i>			

Heilbrigðisvísindasvið:

Ingi Pétursson fyrir Vöku

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið:

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 24. júní 2020 í HT-102 kl. 17:00

1. Fundur settur 17:00
2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05
3. Kynning á námsumsjónarkerfinu Canvas 17:05-17:25
4. Kynning á breyttum lögum Stúdentasjóðs 17:25-17:45
5. Kosning á lögum Stúdentasjóðs (atkvæðagreiðsla) 17:45-17:50
6. Kosning á fulltrúum í stjórn Stúdentasjóðs (atkvæðagreiðsla) 17:50-17:55
7. Hlé 17:55-18:05
8. Tilkynningar og mál á döfinni 18:05-18:20
 - a. Nýr alþjóðafulltrúi og ritstjóri
 - b. Samskipti við rektorskrifstofu
 - c. Akkerisfundur HÍ
 - d. Loftslagsverkföllin
 - e. Menntasjóður námsmanna
 - f. Fjárhagsstaða og andlega líðan stúdenta á tímum COVID-19

- g. Stefnunótunarferð SHÍ
- h. Stjórn Stúdentaráðs
- 9. Tillaga um stuðningsyfirlýsingu við umsögn Rauða Krossins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (atkvæðagreiðsla) 18:20-18:35
- 10. Tillaga um aukin úrræði stúdenta með íslensku sem annað mál 18:35-18:50
- 11. Önnur mál 18:50-19:00
- 12. Fundi slitið 19:00

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 24. júní 2020 í HT-102 kl. 17:00

1. Fundur settur 17:00
 - Fundarstjórn, (fundarstjóri, ritari og haldið utan um mælendaskrá) einróma samþykkt
2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05
 - Engar athugasemdir, fundargerð einróma samþykkt.
3. Kynning á námsumsjónarkerfinu Canvas 17:05-17:25
 - Páll og Tryggvi frá Kennslusviði halda kynningu og sýna örlítið frá canvas
 - (Arnaldur mætir hér seint 17:25)
 - Engar spurningar í lok, Páll og Tryggvi kalla eftir samstarfi (canvas.hi.is)
4. Kynning á breyttum lögum Stúdentasjóðs 17:25-17:45
 - Hallgerður Kolbrún, fyrrverandi forseti lagabreytinganefndar, kynnir breytingar á lögum Stúdentasjóðs (sjá fundargögn)
 - Engar umræður eða spurningar að lokinni kynningu
5. Kosning á lögum Stúdentasjóðs (atkvæðagreiðsla) 17:45-17:50
 - Breyningar á lögum borin fyrir í heild sinni

- *Breytingar einróma samþykktar*
- 6. Kosning á fulltrúum í stjórn Stúdentasjóðs (atkvæðagreiðsla) 17:50-17:55
 - *Guðný fundarstjóri óskar eftir tilnefningum frá Oddvitum fylkinga, fyrst frá Oddvita Vöku og svo Oddvita Röskvu*
 - *Lenya Rún oddviti Vöku tekur til máls: Vaka tilnefnir Ingveldi Önnu Sigurðardóttur*
 - *Vífill Harðarson oddviti Röskvu tekur til máls: Röskva tilnefnir Maríu Sól Antonsdóttur*
 - *Ingveldur Anna og María Sól eru einróma samþykktar í stjórn Stúdentasjóðs.*
- 7. Hlé 17:55-18:05
 - *Fundur hefst að nýju 18:08*
 - *Fundarstjóri leggur til að taka fyrst dagskrá lið 10, svo 9 og loks 8*
 - *Breytingar á dagskrá einróma samþykkt*
- 8. Tilkynningar og mál á döfinni 18:05-18:20
 - Nýr alþjóðafulltrúi og ritstjóri
 - i. *Isabel tók við fundarstjórn og lýsir ferinu*
 - Samskipti við rektorskrifstofu
 - i. *Isabel segir frá samskiptum skrifstofu og rektorskrifstofu*
 - Akkerisfundur HÍ
 - i. *Isabel útskýrir hvað akkerisfundur sé og segir hvað fór fram þar*
 - ii. *kom þar fram að traust til háskólans hafi hrakað*
 - iii. *áhersla lögð á aurora samstarfið*
 - iv. *áhersla á nýsköpun og rafræna kennsluhætti*
 - v. *samræming milli sviða (sjúkra og endurtektarpróf t.d.)*
 - vi. *betri og skilvirkari samskipti*
 - Loftslagsverkföllin
 - i. *Komin aftur af stað, kl.12 á föstudögum, koma af stað kerfi svo það sé alltaf einhver frá stúdentaráði*
 - Menntasjóður námsmanna
 - i. *Varð að lögum 9.júní.*

- ii. *Missum *tæknilega séð* sæti í stjórn sjóðsins, LÍS tilnefnir nú en áður átti SHÍ fast sæti*
 - iii. *Sætti með heildarendurskoðun en ýmsir hlutir sem við höfum gagnrýnt og gerum enn.*
 - iv. *Verður heildarendurskoðun aftur eftir 3 ár*
 - Fjárhagsstaða og andlega liðan stúdenta á tímum COVID-19
 - i. *3.könnunin, birtum niðurstöður*
 - ii. *Erum að bíða eftir niðurstöðum úr maskínu könnun*
 - iii. *Of snemmt að segja núna um hver staðan sé*
 - Stefnumótunarferð SHÍ
 - i. *18-19.júlí í Lyngbrekku*
 - ii. *Skráningarskjal komið á FB, kemur líka í tölvupósti*
 - iii. *Stjórn ákvað að eitthvað yrði rukkað, mjög vægt gjald*
 - iv. *Frekari upplýsingar von bráðar*
 - Stjórn Stúdentaráðs
 - i. *Isabel segir frá hverjir séu í stjórn og hverjir séu með áheyrnarétt í stjórn*
 - ii. *útskýrir hlutverk stjórnar stúdentaráðs*
 - Opnað fyrir mælendaskrá:
 - i. *Lenya bendir á að mikið eigi eftir að uppfæra á student.is heimasíðu stúdentaráðs*
Lenya spyr hvort það verði djamm í stefnumótunarferð
Guðný svara að fólk megi koma með mat og drykk og eftir stefnumótun vill fólk oft skemmta sér, fólk sé velkomið bara í stefnumótun eða bara eftir stefnumótun.
9. Tillaga um stuðningsyfirlýsingu við umsögn Rauða Krossins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga (atkvæðagreiðsla) 18:20-18:35
- *Vífill oddviti Röskvu kynnir tillögu og breytingu á tillögunni*

Lagt er til að skrifstofa Stúdentaráðs gefi út yfirlýsingu til stuðnings umsagnar Rauða Kross Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga

Rökstuðningur

Þann 26. maí skilaði Rauði Kross Íslands [umsögn](#) um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi (sjá [stjórnarfrumvarp](#)). Umfram umsögn Rauða Kross Íslands hefur frumvarpið um breytingar á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 fengið alvarlegar athugasemdir frá umsagnaraðilum, eins og [Flóttamannastofnun Sameinuðu Þjóðanna](#) árið 2019. Umrætt frumvarp, ef samþykkt, mun hafa áhrif á núverandi og framtíðar námsfólks Háskóla Íslands, þar sem nemenda- og starfshópur er einkum fjölbreyttur hópur og eru í skólanum einstaklingar af ólíkum uppruna og við mismunandi aðstæður. Færa má rök fyrir því að hætta sé á að með aukinni skilvirkni í málaferli einstaklinga í leit að alþjóðlegri vernd, flóttafólks og barna (sjá t.d. 2.gr. frumvarpsins) sé á sama tíma grafið undan mannréttindum þeirra. Það er mikilvægt að Stúdentaráð standi með námsfólki og öllum af erlendum uppruna og sýni samstöðu gegn frumvarpi sem mun hafa áhrif á réttindi þeirra og öryggi.

Tillaga þessi miðar að því að sýna samstöðu Stúdentaráðs með réttindum nemenda og fólks alls af erlendum uppruna með því að styðja með yfirlýsingu umsögn Rauða Kross Íslands.

Vífill Harðarson, oddviti Röskvu í Stúdentaráði

- *Kosið um að leggja til breytta tillögu og draga fyrri til baka*
einróma samþykkt
- *Vífill og Lenya kynna tillögu *sjá fundargögn**
- *Umræður: engar spurningar eða umræður*
- ***Kosning:***

- i. Með:*
- ii. á móti:*
- iii. sitja hjá:*
- iv. einróma samþykkt*

10. Tillaga um aukin úrræði stúdenta með íslensku sem annað mál 18:35-18:50

-- T I L L A G A --

um aukin úrræði stúdenta með íslensku sem annað mál

Lagt er til að SHÍ í samráði við Náms- og starfsráðgjöf Háskóla Íslands og fræðasvið innan háskólans ýti undir aukin úrræði fyrir stúdenta með íslensku sem annað mál í prófum og kennslutímum. Úrræði sem boðin ættu að vera upp á eru leyfi til þess að vera með orðabók í prófum og gjaldfrjálst námskeið til að undirbúa sig fyrir skilning á fræðilegum skrifum og undirbúning til að geta skrifað fræðileg og málefnaleg rit.

Flutningsaðilar: Lenya Rún Taha Karim, oddviti Vöku

- *Opnað fyrir umræður, talað um tæknileg atriði og útfærslu, innan sviða?,*
- *(Vífill oddviti Röskvu spyr út í tæknilega hluti tillögunnar.*

Sóley Arna stúdentaráðsliði nefnir að t.d. séu námskeið á íslensku á menntavísindasviði en ekki á ensku.

Brynhildur Stúdentaráðsliði röskvu spyr varðandi útfærslur og hrósar tillögu Ástráður nefnir varðandi upprifjunanámskeið

Ingibjörg spyr hvort það væri vert að gera þetta í samræmi við ritverin

Katla stúdentaráðsliði röskvu talar um hvort þetta ætti að vera almennt eða gera fyrir hvert svið

Arnaldur pælir hvort það sé hluti af þessu að kynna hvar nemendur geta sótt sér frekari upplýsingar, spesífiskt fyrir hvert svið eða deild fyrir sig, svo fólk viti hvert það geti leiað hvort það séu orðabækur eða slíkt

Lenya svara: jú frekari kennsla og gert fyrir hvert svið

Ingibjörg pælir í ef þetta er prufukeyring hvort þetta eigi að vera vítt, taka svið saman. væri hægt að skeyta sviðum saman?

Lenya talar um að vilja skeita sviðum saman en vilja einnig sjá hvernig þetta væri innan sviða líka

Erlingur talar um hvort það væri ekki hægt að hafa inná hí.is að hafa leiðbeiningar hvað sé til staðar.

Lenya segir allt góðar þælingar: HÍ hefur svo mikla möguleika að gera mikið úr þessu

Ástráður talar um að það séu t.d. margar svona upplýsingar á VoN

Vífill telur sniðugt að splitta tillögunni, væri hægt að gera með orðabók strax og svo fara í vinnu varðandi námskeiðin.

Emily alþjóðafulltrúi útskýrir örlítið hvað sé í gangi hjá alþjóðanefnd varðandi þessi mál.

Kosning:

Með:

Á Móti:

Sitja hjá:

Einróma samþykkt)

11. Önnur mál 18:50-19:00

○ Annað mál frá Isabel

- i. *Kosið um verklagsreglur stúdentaráðs, stjórnar stúdentaráðs og skrifstofu stúdentaráðs á næsta fundi þar sem þær séu hjá lagabreytinganefnd*

○ Annað mál frá Isabel

- i. *Ákvörðun hefur verið tekin að loka Hámu í Árnagarði, en Háma að stækka við sig í Odda.*

- 1. Ingibjörg gagnrýnir að hugvísindasvið sé út um allt, geta ekki allir stundað nám vegna loftgæða, vegna aðgengis, þarf að fara í úttekt og alherjar framkvæmdir á árnagarði*
- 2. Katla nefnir að það sé litill vilji til að fara í framkvæmdir í árnagarði vegna komu Húss íslenskra fræða, lítið í lagi að*

bjóða upp á þessa aðstöðu fyrir fólk sem er að fara að halda áfram að vera í þessu námi

3. *Isabel segir að hægt sé að ræða þetta við rektor, greinilega stærra mál en bara Háma,*

Isabel biður alla þá sem hafa eitthvað um þetta mál að segja að setja sig í samband við hana og hægt að ræða þetta mál frekar

Bókun frá Lenyu:

Í ljósi þess að tillaga um stuðningsyfirlýsingu við umsögn Rauða Krossins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga og lögum um atvinnuréttindi útlendinga hafi verið einróma samþykkt vil ég ítreka það að við erum að sýna samstöðu þegar það kemur að baráttu hælisleitenda, sem og að lýsa yfir því að við erum að fylgjast með ástandinu í þjóðfélaginu og að við séum til staðar. Ég veit að allir aðilar hérna inni sjá þetta sem mikilvægt málefni og ég vona innilega að þetta verði ekki notað sem áherslupunktur í komandi kosningaráttum af hvorugum fylkingum.

Barátta jaðarsettra hópa er viðkvæmt mál og mörgum mjög kært og í ljósi aukinnar umræðu í þjóðfélaginu er það ekki viðeigandi né virðulegt að nota þessa tillögu, eða aðra hluti sem tengjast baráttu jaðarsettra hópa sem áherslupunktur þegar það kemur að samkeppni milli fylkinga seinna meir. Stúdentaráð er að standa sig og hefur verið að standa sig með þryði þegar það kemur að mannréttindabaráttu minnihlutahópa og vil ég halda þessu striki áfram án þess að við gefum okkur klapp á bakið fyrir það í nafni fylkinga.